



Fornleifakönnun

vegna vegagerðar í Reyðarfirði
og Fáskrúðsfirði



Dalir í Fáskrúðsfirði

Guðný Zoëga
október 2003

2003/20

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Dalir í Fáskrúðsfirði	3
Saga.....	3
Náttúrufar og jarðabætur.....	3
Rannsókn 2003.....	4
Túlkun:.....	5
Borgargerði í Reyðarfirði	5
Saga.....	5
Náttúrufar og jarðabætur.....	5
Rannsókn 2003.....	6
Túlkun:.....	7
Samantekt	8
Heimildaskrá	9

Fylgiskjöl:

Túngarður í Dölum – sniðteikning
Tóft í Borgargerði – sniðteikning
Loftmynd af Dölum
Loftmynd af Borgargerði
Greinargerð um gjóskulög – Magnús Á Sigurgeirsson

Inngangur

Í tengslum við jarðgangnagerð milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar fór Vegagerðin þess á leit við Byggðasafn Skagfirðinga að það tæki að sér fornleifarannsóknir vegna vegagerðarinnar. Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 17. október, 2001 er ítrekuð sú krafa minjavörslunnar að fornleifarannsókn þurfi að fara fram á tveimur stöðum, vegna túngarðs í Dölum, Fáskrúðsfirði og í tóftar í landi Borgargerðis í Reyðarfirði. Báðar þessar minjar munu hverfa undir veg sem lagður verður í tengslum við gangnagerðina. Með bréfi dagsettu 23. júní 2003 veitti Fornleifavernd ríkisins leyfi til fornleifarannsóknarinnar og að minjarnar yrðu fjarlægðar að rannsókn lokinni. Markmið fornleifarannsóknarinnar var að ákvarða aldur og gerð minjanna. Rannsóknin var gerð dagana 26 júní til 1 júlí 2003, en auk skýrsluhöfundar unnu að henni tveir starfsmenn Hólarannsóknarinnar þær Berangere Martin og Bryndís Zoëga. Þakkir eru færðar ábúendum í Dölum og Vegagerðinni sem lagði til myndir, loftmyndir og kort.

Dalir í Fáskrúðsfirði

Saga

Dalir hét um aldir þar sem nú er býlið Dalir II. Dalir voru eign Kolfreyjustaðakirkju en er nú ríkiseign. Árið 1936 var býlinu skipt niður í Dali I og II en var áður félagsbú frá 1908. Ekki eru heimildir um kirkjugarð eða bænhús í Dölum en í túninu milli bæjanna er lítill hringmyndaður hóll umkringdur garðlagi, nefndur Kirkjugarðshóll. Sköpulag hólans og nafn benda til að kirkja kunni að hafa verið í Dölum í elstu tíð. Afbýli frá Dölum voru Hólagerði og Dalasel.¹

Náttúrufar og jarðabætur

Bærinn dregur nafn sitt af dal þeim sem gengur vestur úr innsveit Fáskrúðfjarðar og nefnist Daladalur. Daladalur er umkringdur háum fjöllum en undirlendi í dalnum er þó töluvert. Bærinn var skammt norðan við Dalsá. Dalir þóttu góð sauðfjárfjörð, sumarhagar góðir og góð vetrabeit. Engjar voru víðlendar og sæmilega grasgefnar.²

¹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls. 226-7.

² Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls. 227-8.

Rannsókn 2003

Í Sveitum og jörðum segir “Leifar af garði sáust greinilega víða vestan, norðan og austan túns. Munnmæli um, að garðinn hafi hlaðið ríki Teitur, gæti verið sá sem flytur að Dölum frá Skriðu í Breiðdal 1740.³ Það brot garðsins sem mun hverfa undir vegaframkvæmdir er nú eini vel greinilegi hluti garðsins. Garðurinn liggur um 250 m ofan (norðan) bæjar í Dölum, ofan túns. Hann er greinilegur á 50 m kafla til norðaustur frá efsta skurði í túni þar sem hann beygir til suðausturs og sést þar á um 20 m kafla. Garðurinn er mjög greinilegur, um 1,3 m þar sem hæstur og um 3 m þar sem hann er breiðastur. Hann er nú allur mjög hlaupinn í þúfur, útflattur og vallgróinn. Stór jarðfastur steinn er við vesturenda garðsins en annars er ekkert grjótt að sjá í honum á yfirborði.

Grafinn var 3 m langur og 1 m breiður könnunarskurður í vegginn um 2 m suðaustan við þar sem hann beygir. Garðurinn virðist eingöngu hafa verið hlaðinn úr strengjatorfi en einföld steinaröð er neðst við útbrún. Upp að honum beggja megin liggja þrjú mjög greinileg gjóskulög. Nokkuð þykkt (um 7 cm þar sem þykkast), fínkorna dökkt gjóskulag



Vestursnið í túngarð í Dölum.

liggur upp að garðinum báðum megin fast ofan á torfinu sem bendir til að garðurinn hafi enn staðið þegar að lagið féll. Samkvæmt gjóskulagagreiningu (sjá fylgiskjal) mun þar um að ræða gjósku úr Vatnajökli sem féll um 1160. Um 3 cm ofan þess lags liggur ljóst gjóskulag sem þekkt er á Austurlandi. Það er úr Öræfajökli og féll 1362.

Ofan þess er 2 cm þykk grásvört fínkornótt gjóska sem einnig er að finna víða á Austurlandi. Sú gjóska er úr Veiðivötnum og féll 1477. Nokkur jarðvegsþykkun hefur orðið milli þess að garðurinn var aflagður þar til að 1477 gjóskan fellur sem bendir til að hann hafi verið farinn úr notkun snemma. Gjóska úr lagi sem tilheyrir svokallaðri

³ *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, bls. 228.

landnámssyrpu var að finna í torfinu, dökkt gjóskulag um 1,5-2 cm að þykkt. Það lag var einnig að finna í sæti í grófkorna mýrarlagi sem garðurinn er hlaðinn ofan á. Garðurinn er hlaðinn beint yfir grófkornótt náttúrulegt mýrarlagi. Yfirborð mýrarinnar hefur verið óslétt og er neðst við útbrún garðsins, norðaustan til, merki eru um að mishæðirnar hafi verið fylltar upp með torfi sem garðurinn er síðan hlaðinn ofan á.

Túlkun:

Túngarður hefur verið reistur í Dölum fyrir miðja tólftu öld. Hann er því elsta þekkta heimild um búsetu þar. Ekki eru hægt að gera sér grein fyrir því hvort hann hefur verið lagfærður eftir þann tíma en engin merki eru um gjóskulögin 1362 eða 1477 í torfinu og virðist garðurinn ekki hafa verið endurgerður eftir þann tíma. Það er því augljóst að garðurinn er að stofni til mjög forn, mun eldri en ætlað hefur verið.

Borgargerði í Reyðarfirði



Saga

Borgargerði var hjáleiga frá Sléttu. Jarðarinnar er getið í Manntali frá 1703 en ekki í Manntali frá 1816.⁴ Hennar er aftur getið í Jarðatali Johnsens frá 1847 og var þá einbýli. Jörðin fór í eyði 1947 og er nú hluti af Sléttu.⁵

Náttúrufar og jarðabætur

Býlið var á fjarðarströndinni um tvo og hálfan kílómetra út frá Sléttu. Umhverfi bæjarstæðisins er hrjóstrugt og grýtt og engjar voru litlar og dreifðar


Tóftin í Borgargerði, séð til suðurs. en bestar á

Borgargerðishjalla út frá bænum. Beitiland var afturámóti kjarngott og fjörubeit var góð.

⁴ Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.

⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 172.

Ábúandi á Borgargerði hafði tekjur af lóðum og síldveiði $\frac{1}{4}$ á móti $\frac{3}{4}$ á Sléttu. Einnig var



Teikning af tóftinni í Borgargerði.
ágangur fénaðar og skriðuhlaup.⁶

aðstaða til útræðis og meira hefur bjargast af sjó en landi. Í Fasteignamati frá 1918 er getið um að surtabrandur hafi fundist í Innri-Jökulbotnum og verið tekinn í fjalli um hálf tíma gang frá sjó en vegur þangað var ógreiður. Námuréttur var seldur Jóni Arnesen framkvæmdastjóra á Eskifirði til 70 ára. Torfrista var vond og engin mótekja, en nóg af grjóti og sandi til bygginga. Vegur á landi var ógreiður. Sérstakur ókostur við jörðina var

Rannsókn 2003

Tóftin sem rannsökuð var er í grýttri mýrlendishlíð um 70 m ofan vegar innan Hróteyrar, um 150m vestur af sjónvarpsmastri og um 300 m norðvestan bæjarstæðis í Borgargerði. Á yfirborðinu er tóftin mjög óglögg um 12 m löng og um 7 m breið og hafa dyr vitað til norðausturs. Þegar skurður var tekinn í tóftina kom í ljós að veggir hennar lágu nokkuð öðruvísi en lega þeirra á yfirborði gaf til kynna. Ástæða þess er grjót og aurskriða sem fallið hefur yfir tóftina úr hlíðinni ofan við. Merki skriðu þessarar voru mjög greinileg í tóftinni og yfir austur og vesturvegg hennar.



Tvöföld grjóthleðsla og strengjatorf í austurenda skurðar.

⁶ Sveitir og jarðir í Múlapingi III, bls 172-173.

Grafinn var 5,3x1m langur skurður yfir þvera tóftina neðst og nyrst í henni. Eins og áður er getið lágu vegghleðslur tóftarinnar eilítið öðruvísi en útlit þeirra á yfirborði gaf til kynna. Mikill vatnsagi er á svæðinu og hálfylltist skurðurinn þegar af vatni sem gerði verkið allt erfiðara.

Veggir tóftarinnar hafa verið hlaðnir úr torfi og grjóti, tvöföld grjótröð sem strengatorf er lagt ofan á og milli. Þykkt veggja var um 2 m og voru þeir um metri á hæð undir yfirborði. Torfhleðslan var úr streng og var gjóska frá 1362 og 1477 greinileg í torfinu. Gjóska 1477, dökk sendin gjóska var mjög greinileg, en 1362 gjóska öllu ógreinilegri. Því er líklegast að torfið hafi verið tekið ekki löngu eftir að 1477 gjóska féll. Torf í veggjum er mjög greinilegt en þó hefur það hrunið nokkuð inn á við. Ekkert gólflag var greinilegt í tóftinni en leifar af kolasalla og brenndum beinum í torfi gefa til kynna að þar sé um einhverskonar íveruhús að ræða.

Í botni tóftarinnar og ofan á hruni úr veggjum liggur aurskriðan, fínkornóttari efst en grófari möl í botninum. Ofan skriðunnar, neðst í grasrótinni liggur svo gjóska frá gosi úr Öskju sem féll 1875. Þegar rústin var könnuð frekar kom í ljós að, auk aurs, er hún full af stórgrýti sem fallið hefur í skriðunni. Könnunarskurðurinn hefur verið tekinn neðst í skriðunni þannig að aðeins þrír steinanna úr skriðunni komu í ljós í suðursniði hans.

Túlkun:

Skömmu eftir að gjóska féll 1477 er byggt hús sem menn hafa, á einhverju tímaskeiði, búið í allt árið eða hluta úr því. Ekki er þó lokað fyrir það skotið að byggt hafi verið á sama stað fyrir þann tíma en torf í veggjum virðist þó nokkuð einsleitt og sama gjóska í því öllu. Einhvern tíman, ekki löngu áður en 1875 gjóska féll fellur skriða á húsið sem þá er komið úr notkun, veggir og þekkja fallin. Um notkun þessa húss er erfitt að segja en vera má að þar hafi verið grasbýli, sjóbúð eða jafnvel hluti af seli.

Samantekt

Í þessari fornleifakönnun voru minjar rannsakaðar á tveimur stöðum, túngarðsbrot í Dölum og húsatóft í landi Borgargerðis. Tilgangur rannsókna var að ákvarða aldur og eðli minjanna áður en þær hverfa vegna framkvæmda. Í Dölum er um að ræða mjög fornan vallargarð, mun eldri en áður hefur verið talið. Ólíklegt er að þarna sé um að ræða eiginlegan túngarð að ræða vegna fjarlægðar hans frá bæjarhólnum. Um hlutverk hans verður þó ekki ályktað nánar. Þarna er því um mikilvægar minjar að ræða fyrir sögu jarðarinnar.

Ekki er hægt að fullyrða hvort að tóftin í Borgargerði tilheyrir Sléttu eða Borgargerði, en fyrstu heimildir um byggð í Borgarðgerði er í manntali 1703. Með vissu er hægt að segja að húsið hafi verið í notkun eftir miðja 15. öld og aflagt líklega fyrir miðja 19. öldina. Skriða hefur fallið yfir bygginguna, sem þá hefur verið orðin rúst, einhverntímann fyrir gosið 1875 og fyllt hana af stórgrýti og aur. Kolasalli og nokkuð af brenndum beinum bendir til að þar hafi verið, a.m.k. um tíma, mannabústaður frekar en gripahús.


Heimildaskrá

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn. 1847. Bls. 376.


Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rvk. 1924-1947.


Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976. Ármann Halldórsson, ritstjóri. Bls. 169-173 og 226-230.

Borgargerði - Reyðarfirði



Dalir - Fáskrúðsfirði







**Könnunar-
skurður**



Tóft í Borgargerði



Þversnið í toft í landi Slettu, Reyðarfirði



Grasrót



**Aur- og
grjótskriða**



Grjót í hleðslu



Askja 1875



**Torf í streng með gjösku
1362 og 1477**



Grjót í skriðu




Fokmold



Hrun úr veggnum

Dalir - Faskrúðsfirði

Norðvestursnið í túngarð



Dalir í Fáskrúðsfirði - gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur (netfang: masig@mmedia.is)

Skoðuð voru aðsend gjóskusýni, sniðteikning og ljósmyndir frá Dölum í Fáskrúðsfirði. Um er að ræða snið í túngarð. Vettvangskonun hefur ekki farið fram að hálfu höfundar. Greining gjóskulaganna byggir á samnaburði við fyrri athuganir á Austfjörðum, s.s. í Norðfirði og Reyðarfirði (sjá heimildaskrá). Gjóskusýni voru skoðuð í smásjá og borin saman við önnur gjóskusýni frá Austfjörðum.

Niðurstaða

1. Dökka gjóskulagið sem er undir túngarðinum og í torfi í honum er að öllum líkindum sama gjóskulagið. Sennilega er um að ræða eitt af gjóskulögum Landnámssýrþunnar svonefndu (LNS) sem er allskýr á Austfjörðum. Skýrasta lagið í LNS er jafnan dökkgrátt gjóskulag sem er í henni neðanverðri, nokkru eldra en Landnámslagið (sem er frá því um 870 e.Kr.).
2. Yfir garðinum eru gjóskulögin V-1477 og Ö-1362, sem þýðir að garðurinn sé frá því fyrir árið 1362.
3. Dökka gjóskan sem liggur upp að garðinum var skoðuð sérstaklega. Af samanburði við gjóskusýni úr sniðum í nágrenninu má segja með nokkurri vissu að þetta lag samsvari gjóskulagi frá Norðfirði sem nefnt er Vj~1160 (með upptök í eldstöð undir Vatnajökli). Sé þessi greining rétt er garðurinn frá því fyrir 1160.

Í stuttu máli bendir þessar athugun til að túngarðurinn í Dölum í Fáskrúðsfirði sé frá því fyrir árið 1160.

Helstu stoðrit

Guðrún Larsen 1982: Gjóskutímatall Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri, Reykjavík, bls. 51-65.

Magnús Á. Sigurgeirsson 1997: Fornar rústir á Héraði. Gjóskulagaathuganir við Þórisá, Atlavík og Brennistaði. Viðauki í: Landnámsbær, kirkja, rétt.... Fornleifafræðileg konun á sjö fornum rústum á Fljótsdalshéraði (höf. Steinunn Kristjánsdóttir). Minjasafn Austurlands.

Magnús Á. Sigurgeirsson 2003: Fornleifarannsókn í Norðfirði og nágrenni. Greinargerð um gjóskulög. Unnin fyrir Minjavörð Austurlands.

Magnús Á. Sigurgeirsson 2003: Fornleifarannsókn í Sómastaðagerði við Reyðarfjörð. Gjóskulagagreining. Greinargerð 02/2003. Unnin fyrir Fornleifastofnun Íslands.